

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
150 Reykjavík

Garðabær, 17.3.2020

Tilvísun: 202003-0004/42-1-3 Umsagnir um þingsályktunartillögur  
TB  
jgo/tb

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu, 365. mál.**

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 5. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu, 365. mál.

Náttúrufræðistofnun getur tekið undir margt af því sem kemur fram í greinargerð með framangreindri tillögu en helsta markmið hennar er að auka kolefnisbindingu, vernda jarðveg og koma í veg fyrir jarðvegsrof með samstilltu átaki stjórnvalda og almennings. Náttúrufræðistofnun telur að stíga eigi varlega til jarðar þegar fyrirhugað er að nota landgræðslu, þar undir skógrækt, til að kolefnisjafna núverandi losun koltvísýrings. Það þarf að hafa það hugfast að það sem er losað út í andrúmsloftið í dag verður ekki kolefnisjafnað með aðgerðum sem taka tugi ef ekki hundruð ára og oft og tíðum engin trygging fyrir því að kolefnisjöfnunaraðgerðir skili árangri. T.d. vegna breyttra umhverfisaðstæðna eða vegna áhrifa mannsins eða vegna slælegrar eftirfylgni. Einnig leggur Náttúrufræðistofnun ríka áherslu á að markmið um kolefnisjöfnun yfirskyggi ekki allt annað svo sem vernd líffræðilegrar fjölbreytni Íslands. Það er þekkt að þjóðaráttök hafa t.d. leitt til útbreiðslu ágengra tegunda og einnig er þekkt að skógrækt á Íslandi, með framandi tegundum, fer nú fram að langstærstum hluta í þegar gróið land. Landgræðslan vinnur nú að nýrri landgræðsluáætlun í samræmi við ný lög um landgræðslu nr. 155/2018 en þar undir er kolefnisjöfnun og endurheimt náttúrulegra vistkerfa eitt af markmiðunum. Samræma þarf áætlanir um náttúruvernd, landgræðslu og skógrækt.

Náttúrufræðistofnun tekur undir meginmarkmið tillögunnar en telur að gæta þurfi að því að samræma aðgerðir sbr. tilvísun í þá alþjóðasamninga sem nefndir eru í greinargerð með tillögunni.

Virðingarfyllt,



Trausti Baldursson

forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

